

# Ykkar Hvera gerði

Blað bæjarmálafélagsins Okkar Hveragerðis  
1. tbl., 2. árg., desember 2023

[www.xohveragerdi.is](http://www.xohveragerdi.is)

Okkar Hveragerði  
óskar iðúum Hveragerðis  
gleðilegrar hátíðar og þakkar  
fyrir stuðninginn





A. Michelsen EHF

**Hlynur Kárason**

*Löggildur  
húsasmiðameistari*

**8685568**

**SÖGUFERÐIR  
OG SÖGUGÖNGUR  
Í HVERAGERÐI**

820 3322 / njordur@hive.is  
facebook.com/HveragerdiSightseeing

**Óskum öllum Hvergerðingum og  
viðskiptavinum okkar. Gleðilegra  
jóna og farsælar á nýju ári  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er  
að líða.**



**Bobbýjardætur**



## **SUNDLAUGIN LAUGASKARÐI** **OPNUNARTÍMI UM JÓL OG ÁRAMÓT** **CHRISTMAS OPENING**

23. des. Þorláksmessa kl. 10 - 17.30  
24. des. aðfangadagur kl. 9 - 12.00  
25. des. jóladagur LOKAÐ - closed  
26. des. annar dagur jóla LOKAÐ - closed  
31. des. gamlársdagur kl. 9 - 12.00  
1. jan. nýársdagur LOKAÐ - closed

### **NOTALEGIR LAUGARDAGAR**

Notalegir laugardagar og jólastemning  
verður dagana 9., 16. og 23. desember.  
Laugin verður sérstaklega hlý, saltvatn  
í kalda pottinum, Epsom salt  
og ilmkjarnaolíur í gufunni, jólalög,  
jólate og piparkökur.



[www.hveragerdi.is](http://www.hveragerdi.is)



**Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir**  
bæjarfulltrúi Okkar  
Hveragerðis

# Áherslan á fjölskylduna í Hveragerði

## – hvað er á döfinni?

### Áherslan á fjölskylduna í Hveragerði – hvað er á döfinni?

Okkar Hveragerði leggur ríka áherslu á að skapa enn fjölskylduvænna samfélag og umhverfi í Hveragerði og í takt við það er ein megináhersla málefnasamnings meirihluta Okkar Hveragerðis og Framsóknar velferð fjölskyldunnar. Nýverið var fjárhagsáætlun fyrir árin 2024-2027 tekin fyrir í bæjarstjórn og eru þar meðal annars sett fram þau skref sem meirihlutinn sér fyrir sér að taka í þessa átt næstu árin.

### Áframhaldandi lækkun leikskólagjalda

Stefnt er að því að halda áfram að lækka gjöld fyrir leikskólavist barna í bæjarfélaginu. Haustið 2022 var ákveðið að bjóða upp á eina gjaldfrjálsa klukkustund á leikskólum bæjarins og haustið 2023 var önnur klukkustund gerð gjaldfrjáls. Gert er ráð fyrir því að haustið 2024 verði þriðja klukkustundin orðin gjaldfrjáls samhliða því að almenn gjaldskrá leikskólagjalda hækkar einungis um 2,5% og með því lækka gjöld foreldra leikskólabarna. Leikskólagjöld fyrir átta tíma vistun hafa þannig lækkað um 9% frá því að nýr meirihluti tók við á sama tíma og vísitala hefur hækkað um 12%.

### Enn frekari hækkun frístundastyrks

Gert er jafnframt ráð fyrir því að frístundastyrkur verði hækkaður úr 32.000 kr. í 38.000 kr. árið 2024 og hefur frístundastyrkur við það hækkað um 46% á kjörtímabilinu. Meirihluti Okkar Hveragerðis og Framsóknar stefna að því eins og áður að lækkan leikskólagjalda og hækkun frístundastyrksins verði áfram í skrefum á kjörtímabilinu.

### Foreldragreiðslur

Stefnt er að áframhaldandi foreldragreiðslum til barna eldri en 12 mánaða sem ekki hafa fengið úthlutað plássi á leikskóla eða hjá dagforeldri og er gert ráð fyrir því að þær hækki úr 110.000 kr. í 120.000 kr. á mánuði á nýju ári.

### Uppbygging húsakosts fyrir leik- og grunnskóla og íþróttaaðstöðu

Uppbygging innviða í takt við íbúafjölgun heldur áfram næstu árin og er í fjárhagsáætlun áætlað að framkvæmdir við þriðja áfanga Grunnskólans í Hveragerði klárast árið 2025. Í beinu framhaldi er gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir við fjórða áfanga Grunnskólans, en það er jafnframt síðasti áfangi hans og er áætlað að fullbyggður skóli anni þeirri íbúafjölgun sem uppbygging innan þegar skipulagðra svæða í Hveragerði, þar með talið í Kambalandi og á öðrum þéttingarreitum, hefur í för með sér. Þegar eru hafnar framkvæmdir við undirbúning viðbyggingar á Leikskólanum Óskalandi og er áætlað að þrjár nýjar deildir og bætt starsfmannaaðstaða opni árið 2024. Árið 2025 er síðan stefnt að því að hefja uppbyggingu nýs

leikskóla í Kambalandi samhliða gatnagerð fyrir næsta áfanga lóðaúthlutana í Kambalandi. Á næstu árum er að auki gert ráð fyrir umfangsmikilli fjárfestingu í uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hveragerði, en árið 2024 er gert ráð fyrir 500 milljón kr. fjárfestingu undir þeim lið auk frekari fjárfestingar í þeim málaflokki árin 2025-2027.

### Fjölskylduvænt samfélag í Hveragerði íbúum ofarlega í huga

Það er upplifun fulltrúa Okkar Hveragerðis að hér í bæ sé samheldið samfélag sem leggur mikla áherslu á að skapa sem best umhverfi og gæðapjónustu fyrir börnin okkar. Það er ánægjulegt að sjá bæjarbúa láta sig málefni bæjarins varða með margvíslegum hætti og við fögnum því að í Hveragerði skapist líflegar umræður um málefni líðandi stundar, ekki síst um það sem viðkemur fjölskylduvænu samfélagi í Hveragerði. Okkar Hveragerði telur bæjaryfirvöld eiga að styðja við fjölskylduvænt samfélag og við teljum okkur hafa tekið mikilvæg skref í þá átt frá síðustu kosningum og munum halda því áfram á komandi árum.




# Myndir úr lífi og starfi



**HVERAGERÐI • REYKJADALUR**

**MEGA ZIPLINE** 1K M  
ICELAND

megazipline.is  
s. 782 3000  
810 Hveragerði  
info@megazipline.is



Kjartan Jóhannsson.  
Ljósmynd af Alþingi.is.

Árin 2014-2016 kynntist ég Kjartani Jóhannssyni í gegnum starf mitt í Þjóðskjalasafni Íslands þegar hann afhenti einkaskjalasafn sitt þangað til varðveislu. Það fór vel á með okkur og þegar hann frétti að ég væri sagnfræðingur úr Hveragerði sagði hann mér að fjölskyldan hefði átt sumarbústað í bænum um miðja 20. öld. Hann tók sig til og skrifaði skemmtilega frásögn um þennan sumarbústað og afhenti mér ásamt nokkrum ljósmyndum. Við ræddum á þeim tíma um mögulega birtingu á greininni sem varð þó aldrei af áður en hann lést árið 2020. Þessi frásögn

## Frumbyggjarnir á melnum og hlutur Heklu í hitavirkjun

Kjartans birtist nú í blaðinu en við vinnslu þessa blaðs hafði ritstjóri samband við dóttur Kjartans, Maríu, og óskaði eftir heimild til að birta frásögnina sem hún veitti góðfúslega.

Kjartan Jóhannsson (1939-2020) fæddist í Reykjavík en ólst upp í Hafnarfirði. Foreldrar hans voru hjónin Jóhann Þorsteinsson, kennari og forstjóri á Sólvangi í Hafnarfirði, og Astrid Alva Maria Dahl hjúkrunarfræðingur. Kjartan lauk prófi í byggingarverkfræði frá Stokkhólmi og aflaði sér framhalds-menntunar í rekstrarverkfræði og lauk doktorsprófi frá háskóla í Chicago árið 1969. Kjartan sinnti fjölbreyttum störfum, hann var m.a. skipaður dósent við viðskiptadeild Háskóla Íslands í ársbyrjun 1974, var bæjarfulltrúi í Hafnarfirði 1974-1978, varaformaður Alþýðuflokksins 1974-1980 og formaður flokksins

1980-1984. Kjartan var alþingismaður 1978-1989, sjávarútvegsráðherra 1978-1979 og viðskiptaráðherra í minnihlutastjórn Alþýðuflokksins frá hausti 1979 fram í febrúar 1980. Árið 1989 var Kjartan skipaður sendiherra og tók við starfi fastafulltrúa Íslands gagnvart Sameinuðu þjóðunum og öðrum alþjóðastofnunum í Genf. Árið 1994 tók hann við starfi aðalframkvæmdastjóra EFTA og gengdi því starfi til ársins 2000. Hann var svo Fastafulltrúi Íslands í Brussel hjá Evrópusambandinu 2002-2005 og jafnframt sendiherra í Liechtenstein, Lúxemborg og Marokkó. Kjartan skrifaði bækur, bókarkafli og greinar sem birst hafa í tímaritum og blöðum um verkfræði, skipulagsmál, heilbrigðismál, alþjóðamál, þjóðmál og margt fleira.

Njörður Sigurðsson

Það mun hafa verið lýðveldisárið, 1944, sem barnakennari úr Hafnarfirði tók sér skóflu í hönd og hóf að grafa holu í leirkenndum mel efst í Hveragerðishreppi, rétt við slóðann sem var þjóðbrautin að Reykjadal. Þetta var eiginlega gullgröftur upp á íslenskan mælikvarða. Það var heita vatnið sem var gulls ígildi. Hveragerði bauð víða upp á þess konar gull. Barnakennarinn ætlaði sér ekki mikinn auð af greftrinum. Hann var að leita að volgru í húskofa. Hann hafði valið staðinn til leitar af kostgæfni. Á þessum slóðum var melurinn volgur, jafnvel heitur. Eiginkona hans hafði grafið einmitt þarna stampa með brauðdegi að kvöldi og uppskorið lystigott velbakað brauð daginn eftir. Holan var líka grafin þar sem hallandinn í landinu og brautinni í Reykjadal var rétt að aukast upp á hámelinn. Þar ætti að vera vatns von. Barnakennarinn, ættaður austan úr Holtum í Rangárþingi, vissi hvar menn settu þar niður brunna. Hann gróf holu sína eins og forfeður hans og ættingjar höfðu grafið sína brunna og einmitt í samræmi við reynsluna um hvar



Feðgarnir Jóhann Þorsteinsson og Kjartan. Drottningholm í byggingu.  
Ljósmynd frá Kjartani Jóhannssyni.

væri vatns að vænta. Árangur enginn. Honum og grönnum hans og vinum kom ásamt um að brunngreftri yrði ekki fram haldið, annarra ráða væri þörf. Sköfðu var firnalöng rörpípa tvær og hálf tomma í þvermál, rekin niður í botn holunnar og lamin til góðrar framlengingar niður fyrir botn brunnsins. Svo var mokað ofan í holuna í kringum pípunna.

Næsti áfangi var nefnilega að fá til framhaldsverks handbor, eins og það var kallað. Lögðust nú margir á árar. Ekki má gera ráð fyrir að þetta hafi verið fyrstu bormenn Hveragerðis, en þeir voru greinilega góðir grannar og vinir barnakennarans, því hann átti sér skamma sögu á þessum slóðum. Bormennirnir náðu því að festast á ljósmynd.



Borað eftir heitu vatni 1944, Drottningholm í bakgrunni. Bormenn: Sigurjón Ingvi Guðmundsson frá Saurbæ í Ölfusi, Gunnar Magnússon, Lundi í Hveragerði, Haukur Baldvins, Lindarbrekku í Hveragerði, Jóhann Þorsteinsson Hafnarfirði. Ljósmynd frá Kjartani Jóhannssyni.

Það var svonefnd kassavél sem notuð var við ljósmyndunina, hún hafði fyrirfram ákveðna skerpu og fókus og náði bestu myndgæðum miðað við slíkar forsendur. Árangurinn birtist hér meðfylgjandi. Bormennirnir eru Sigurjón frá Stóra Saurbæ í Ölfusi, Gunnar Magnússon í Lundi (nú Laufskógum 32), Haukur Baldvins í Lindarbrekku (nú Klettahlíð 2), og svo barnakennarinn, Jóhann Þorsteinsson. Og svo settust menn á sveifina, en ekkert gerðist, ekkert heitt vatn, þótt þeim entist örendis gæska lengi í viðleitninni. Það var ekki gaman eftir allt þetta puð, en það átti eftir að breytast.

Jóhann Þorsteinsson og eiginkona hans Astrid, af sænskum uppruna, höfðu ári fyrr en áður er greint frá og sögð holusaga, reist sér sumarbústað þarna í holtamelunum ofan við hina eiginlegu og samfelldu byggð í Hveragerði. Aðrir sumarhúsabyggjendur voru á þessum tíma niðri á sléttlendinu, suður og vestur af hinum sjóðandi miðkjarna Hveragerðis. Jóhann og Astrid völdu meira víðsýni og víðari grenndarnánd. Þetta var flottur staður, en allger allsleysa. Það var kannske ekki meiriháttar vandamál á þessum tíma. Kamar var þá eiginlega eðlileg aðstaða. Þótt sækja þyrfti vatn á næstu bæi, ef það nam innan við hundrað metrum, var það ekki tiltökumál. Ein af ástæðum þess að kaupstaðabúar reistu dvalarstaði á landsbyggðinni á þessum tíma var heimsstyrjöldin sem þá geisaði. „Koma konu og börnum undan, ef ráðist yrði á

bæina.“ Hitt var spurningin um að komast úr bæjarrykinu og búa börnum heilnæmara umhverfi. Hvorttveggja hefur sjálfsgaft átt við þegar Jóhann og Astrid ákváðu að reisa sér sumarbústað. Hinu verður þó við að bæta, að Hveragerði varð fyrir valinu út af hveralofinu. Astrid hafði nefnilega átt við að stríða astmaköst, sem eru eins og þeir sem kynnst hafa, hræðilega erfið fyrir líkama og sál, ekki bara þolandans sjálfs, heldur líka ástvinu alla. Hin læknisfræðilega þekking þess tíma, þótt þyki líklega kyndugt nú, taldi að hveralofitið mundi slá á astmann.

Húsið, sumarbústaðurinn sem Jóhann og Astrid reistu þarna um það bil hundrað metra norðan við Lund, Lindarbrekku og húsið sem Jóhannes frá Kötlum bjó þá í, var ekki stórt, en þau voru stolt af því. Það var málað rautt með hvítum gluggapóstum og stöfnum. Húsið var 16 fermetrar, fjórum sinnum fjórir metrar, en þar reyndist oft nægt pláss fyrir marga gesti. Hin sænskfædda Astrid hafði nú eignast sína sumarhöll. Nafna hennar í Svíþjóð, prinsessan Astrid átti sér líka sumardvalarstað, sá hét Drottningholm. Sumarhúsið í melbarðinu hlaut sama heiti. Sumarbústaðurinn sem Astrid eignaðist þarna í stríðinu var henni höll á borð við sumarsetur Svíaprinsessunnar, sextán fermetrar í einskismannslandi, en í Hveragerði, sem sagt DROTTNINGHOLM. Sannlega fyrsta og einasta konungshöll í Hveragerði, nema annað sannist.

Náttúruöflin reyndust bormönnum öflugri þegar kom að sókninni eftir heitu vatni. Eftir vonbrigðin að hvorki brunngröftur né handborun vaskra manna gat skilað heitu vatni, komu önnur öfl til bjargar. Hekla, sú fjalladrottning og eldfjallakóngur setti á eldgos eftir hundrað ára hlé árið 1947. Þá urðu landskjálftar miklir um Suðurland, það hrundi þá grjót úr Hamrinum í Hveragerði. Handboraði pípuásturinn sem var lokahnykkur heitavatsleitar barnakennarans tók við sér. Hekluhræringar gerðu hann að síspúandi heitavatsnshver. Og þá hófst virkjun þessarrar nátrúauðlindar. Fyrst var fundin olíutunna, á hana boruð tvö göt, eitt sem smeygðist yfir rörstútinn sem spjó heitu vatninu úr iðrum jarðar og hitt aðeins ofar fyrir heimæðina að Drottningholm. Úr þeirri útrás var lögð einföld pípuögn, eintomma, yfir melinn, vafinn tjörupappa sem einu einangrun, dregin inn í efra húshorn norðvestanvert, tengt þar í tveggja tommu rör sem lagt var um tvær hliðar sumarhússins og síðan veitt út að suðaustanverðu. Þetta gaf feikinóga upphitun í sumarhúsinu (Slotið Drottningholm var nú síupphitað allt árið og tók hinum sænska nafna sínum fram í því mæli!). Fljótlega var ákveðið, að nýta mætti betur affallsvatnið, þarna í suðausturhorninu, það var býsna heitt þótt upphitunar-



Edda Baldvins Hauksdóttir og Inga Maja Jóhannsdóttir í fótabaði í heita potti. Ljósmynd frá Kjartani Jóhannssyni.

hlutverkinu í slotinu væri lokið. Því var steipt baðker eða heitur pottur undir frárennslið. Ekki er vitað hvort þetta var fyrsti heiti potturinn á Íslandi, þótt það hafi verið fljótlega uppúr 1950, en hitt er víst að fjölskyldan hafði af kerinu góð not og skemmtileg. Vilji menn búa til þjóðsögur, mundi svo heita, að fyrsta drottningarhöll á Íslandi og fyrsti heiti potturinn hafi verið í Hveragerði, en það væri þá líklega bara ýkjusaga.

Það var í þessu umhverfi sem höfundur þessa greinakorns fékk að eiga sumarhluta á mörgum fyrstu æviára sinna. Ég hef verið tveggja og hálfis árs gamall, 1942, þegar foreldrar mínir, þau Jóhann og Astrid réðust í að reisa sér sumarbústað í Hveragerði. Ég hef löngum verið verkfús, kannske stundum um of, en allavega var ég þegar á þriðja ári reiðubúinn að leggja hönd að verki við frágang á sumarbústaðnum eins og sjá má af meðfylgjandi ljósmynd. Við tóku svo yndislegir sumartímar í Hveragerði. Móðir mín fór með mig og síðar mig og systur mína, Ingu Maju, til sumardvalar í Hveragerði í allnokkur ár. Stundum voru líka barnapiur til að líta eftir mér eða systur minni. Þá var lífið leikur. Hamarinn klifinn, farið í berjamó upp undir Reykjadal, buslað í Reykjadalssá. Svo var maður sendur í búðarferð niður í einu verslun staðarins, Reykjafoss,

þar sem Ragnar og Kristján réðu ríkjum. Og þeir voru eiginlega partur af Hveragerðisfjölskyldu okkar. Hvernig þá? Næstu og nánustu grannar voru Haukur og Vilma í Lindarbrekku. Haukur kom að norðan, hann var íhald, en Vilma var að vestan, systur hennar tvær áttu annars vegar Ragnar, góðan krata, og Kristján að eiginmönnum. Þetta fólk hittist oft í Lindarbrekku, þannig fjölskyldutengt. Það var nefnilega þannig, að tilvera okkar þarna í holtinu var nátengd Lindarbrekku. Þaðan fengum við vatnið. Þar var leikfélagi að finna.

Við vorum varla komin í hús í Drottningholm að vorlagi fyrr en ég hljóp eins og fætur toguðu niður brekkuna til þess að finna félagi minn í Lindarbrekku, jafnaldra Svavar Hauksson. Næsta verkefni var víst venjulega að sækja vatn. Tvær fötur. Ná í vatn að Lindarbrekku. Lítt hlaðnar fötur fyrri árin, þyngri síðar. En svo þurftum við Svavar að endurnýja ríki okkar, sem vetur konungar hafði spilt en ekki afmáð. Ríki okkar var melurinn vestan við sumarbústaðinn, milli bústaðarins og sandgryfjunnar þar fyrir vestan. Ofan í sandgryfjunni og inn að umráðasvæði okkar hafa nú ruðst hús og lóðir, tiltölulega nýverið og bera einkenni eins og Laufskógar 38. Þá var ríki okkar bara fyrir okkur. Þar voru lagðir vegir og

byggðir bílskúrar og leystar ýmsar þrautir. Efniviðurinn var steinar og grjót á melnum. Við áttum bara sinn hvorn bíl til leikja á svæðinu, minn var frekar háreistur steinn, svona eins og Stúdibeiker frá því fyrir stríð, samskonar og Doddi á Suðurgötu 11 í Hafnarfirði átti, en bíll Svavars var rennilegur, frekar flatur, eins og af nýrri tíð, eiginlega kappaksturslegur. Hvað sem því leið voru fyrstu verkefni hvors okkar að vori að finna bílana frá fyrra sumri. Það tókst alltaf og hvor var sáttur við sinn bíl og vegalagning hófst og aðrar umbætur á svæðinu. Aldrei kappakstur, bara uppbygging.

Litlu höllinni á melnum var gert að víkja rétt fyrir miðjan áttunda áratuginn. Lóðasamningur við hinn fyrrum allsráðandi Herbert í Hveragerði reyndist gagnlaust plagg. Sumarbústaðurinn var fluttur fyrst að bökkum Ægisíðufoss en síðar í land Helluvaðs við Hellu á Rangárvöllum, nú endurbyggður undir sama nafni. Öll ummerki um bústaðinn og heita pottinn og gömlu góðu holuna, sem Hekla virkjaði hafa verið kirfilega afmáð. Samt eru þarna enn minjar um handarverk foreldra minna og reyndar míns sjálfs. Bakatil og til austurs af lóð hússins númer 38 við Laufskóga má nefnilega sjá tvö nokkuð myndarleg grenitré. Sumarhöllin, Drottningholm stóð skáhallt á milli þeirra. Gróðursetning þeirra var okkar verk (Ýmis önnur tré af lóðinni flutti ég reyndar burt og gróðursetti að nýju við hús okkar að Ölduslóð 27 í Hafnarfirði). Mér finnst vænt um að þessi grenitré þrífist vel og séu a.m.k. mér minnistenging við staðinn.

Bernskuminningar mínar úr Hveragerði eru bara ljós og leikur. Hveragerði á stóran hlut í mér, í mínu hjarta eins og sagt er. Og svo finnst mér hveralykt góð.

26.01 2015

Kjartan Jóhannsson



**Sandra Sigurðardóttir,**  
bæjarfulltrúi  
Okkar  
Hveragerðis

# Ný sorphirða í Hveragerði

Árið 2018 samþykkti Evrópu-sambandið tilskipun þar sem settar voru fram nýjar og endurskoðaðar reglur um úrgangsstjórnun og í kjölfarið kom til framkvæmda stór hluti ákvæða í lögum nr. 103/2021 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald. Þetta eru lög sem hafa mikla þýðingu fyrir sveitarfélögin því þau bera ábyrgð á að heimilisúrgangi sé safnað og innheimt fyrir þá þjónustu samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## En hvað þýðir þetta?

Löggjöfin felur í sér þá breytingu að sveitarfélögum ber skylda til að innheimta sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs og að fast gjald sé aðeins að hluta. Þetta mun því fela í sér breytingar á kostnaði þar sem helmingur af kostnaði verður fastur og hinn helmingurinn innheimtur eftir magni og tegund á úrgangi íbúa.

## Undirbúningurinn

Á síðasta ári hefur Samband íslenskra sveitarfélaga unnið hörðum höndum og lagt mikla vinnu í undirbúning, fræðslu og kennslu til sveitarfélaga um þessa breytingu. Í þeim tilgangi hefur verið boðað til opinna fræðslufunda um hringrásarhagkerfið auk vinnustofa og fræðsluefnis.

Síðasta haust bauð Samband íslenskra sveitarfélaga tveimur sveitarfélögum aðstoð við að innleiða þetta verkefni. Þau sveitarfélög voru Ísafjarðarbær og Grímsnes- og Grafningshreppur. Þeirri innleiðingu lauk í janúar og ferlið gekk vel. Í kjölfarið



var sett upp aðgerðaráætlun og öðrum sveitarfélögum boðið upp á samstarf og aðstoð við innleiðingu. Samstarf þetta er mikilvægt þar sem huga þarf að mörgum þáttum sem eru flóknir í framkvæmd.

## Hvað felst í þessari nýju sorphirðu?

Íbúar Hveragerðisbæjar hafa fram að þessu flokkað í þrjá flokka, þ.e. blandaður úrgangur, lífrænn úrgangur og pappír og plast hefur verið flokkað saman. Við innleiðinguna eru helstu breytingarnar þær að pappír og plast flokknum verður skipt í tvennt og verða því í heild fjórir flokkar. Gler, textill, málmar og skilagjaldsumbúðir verða áfram flokkaðar sérstaklega og skilað í grenndargáma. Smátt og smátt mun grenndarstöðvum fjölga og er hugsunin að fjarlægð þeirra frá heimili verði ekki meira en 500 metrar.

Einnig mun þurfa að koma til breyting á gámasvæðinu í framtíðinni, en það á eftir að útfæra nánar. Talað hefur verið um einhverskonar aðgangsstýringu og mögulega innskráningarkerfi, þetta á þó eftir að skoða og útfæra frekar.

Grunnkerfið leggur upp með fjórar tunnur eins og áður segir. Íbúar geta þó valið að fækka tunnum með því að vera með tvískipta tunnu fyrir blandaðan úrgang hins vegar. Auk þess er hægt að velja minni sorptunnur. Allar breytingar þarf að sækja um í gegnum íbúagátt Hveragerðisbæjar. Íbúum gefst einnig kostur á að samnýta ruslatunnur og lækkar þá kostnaðurinn til muna.

Ein helsta breytingin sem Hvergerðingar verða að tileinka sér er að færa sig úr maíspokum yfir í pappírspoka fyrir lífræna úrganginn. Móttökuaðilinn á lífræna sorpinu hefur nú gert breytingar á sinni starfsemi og verða því allir að breyta yfir í pappírspoka.

## Hvernig hefur þetta verið?

Íbúar í Hveragerði hafa fram að þessu verið með þrjár sorptunnur og greitt fast gjald fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs. Í eldra kerfi skipti því engu hversu mikið sorp kom frá íbúum eða hversu mikill metnaður var lagður í flokkun. Fyrirkomulagið nú eftir innleiðinguna er á þá leið að íbúar greiða samkvæmt gjaldskrá fyrir stærð tunnu við heimilin og geta



Því minnkað sinn kostnað kjósi þeir að vera með minni tunnur. Þar til ný lög tóku gildi fengu íbúar frímiða til að nota á gámasvæðinu og var Hveragerðisbær því að niðurgreiða kostnað sem féll til á gámasvæðinu. Heildarkostnaður sem sveitarfélagið hefur verið að greiða fyrir sorphirðu umfram fast gjald frá íbúum var á síðasta ári 30 m.kr., sem nú er í andstöðu við nýju lög.

### Kostnaður

Markmiðið er að sjálfsögðu að lágmarka kostnað fyrir íbúa. Samkvæmt nýjum lögum á meðhöndlun á úrgangi að vera sem næst raunkostnaði og fast gjald má aðeins vera 50% af innheimtunni fram til 2025. Eftir það aðeins 25%. Það þýðir að helmingur kostnaðarins er breytilegur og fer eftir magni/rúmmáli sorps hjá hverju heimili.

Önnur gjöld sem munu falla á íbúana verða gjald fyrir aukalát og í raun allir gjaldaliðir sem tilheyra hirðu og annarri meðhöndlum úrgangs frá heimili.

Þá er rétt að nefna að með nýju fyrirkomulagi munu sveitarfélög fá endurgreiðslu frá Úrvinnslusjóði eftir því hve vel íbúarnir flokka. Það er því mikill ávinningur fyrir íbúa að flokka vel, því betur sem íbúar flokka þeim mun hærrí er greiðslan sem kemur til lækkunar á sorphirðugjaldi næsta árs. Það er því mikill hvati fyrir íbúa bæjarins að flokka vel.

### Innleiðingin í Hveragerði

Í byrjun þessa árs fékk Hveragerði tækifæri ásamt 14 öðrum sveitarfélögum til þess að bætast í hóp þeirra sem fá aðstoð við innleiðingu hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga sem gekk vel og

auðveldaði mikið undirbúning. Íþróttafélagið Hamar aðstoðaði bæinn við innleiðinguna og tók að sér að dreifa fjórðu tunnunni til íbúa og gekk það prýðisvel, erum við þeim mjög þakklát fyrir góða vinnu. Lögð er áhersla á að íbúar þurfi ekki að leggja í kostnað á breytingu á tunnuskýlum með því að bjóða upp á tvískiptar tunnur. Bæklingar bárust íbúum með helstu upplýsingum og einnig var boðið upp á íbúafund á Hótel Örk sem einnig var í streymi. Fyrir þá sem misstu af honum, er hann enn aðgengilegur á heimasíðu bæjarins. Svo nú er okkur ekkert að vanbúnaði að hefja flokkun í fjóra flokka, flokka vel og muna eftir pappírspokum í lífræna sorpið.



Með ósk um  
gleðileg jól  
og farsæld  
á komandi ári



**Elínborg  
María  
Ólafsdóttir**  
Sími 861 6866



**Gunnar  
Biering  
Agnarsson**  
Sími 823 3300



**Eva Björg  
Árnadóttir**  
Sími 857 6600

# Rammi 3 og ætluð orkuvinnsla í Ölfusdal



**Björn Pálsson**

ritar um orkuvinnslu


Á síðustu vikum hefur verið mikil umræða um virkjanaáform í Ölfusdal fyrir ofan Hveragerði sem Sveitarfélagið Ölfus og nýtt orkufélag þess, Títan, ásamt Orkuveitu Reykjavíkur hafa boðað. Björn Pálsson, sem lengi hefur staðið í stafni í baráttu gegn frekari virkjun í nágrenni Hveragerðis, fer hér yfir málið í samhengi við rammaáætlun sem er áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Samkvæmt rammaáætlun 3, sem lögð var fram 2015 og síðan staðfest með samþykkt Alþingis í júní 2022, var Bitra ásamt Reykjadal og Grændal sett í verndarflokk og virkjanir því ekki heimilaðar þar.

Svæðið neðan dalanna, sem nefnt er Ölfusdalur, var hins vegar sett í biðflokk. Nafnið Ölfusdalur mun sennilega vera komið frá Jónasi frá Hriflu og er ekki nákvæmlega skilgreint. Sá dalur mun þó að mestu vera innan sveitarmarka Hveragerðis og afmarkast af Hamrinum í suðvestri, Hellisheiði í vestri og Dalafelli og Tindum í norðaustri. Sjá meðfylgjandi uppdrátt þar sem vernduðu svæðin nr. 15 og 16 eru græn en Innstidalur nr. 14 og Ölfusdalur nr. 17 eru gulir. Rétt er að hafa í huga að sá hluti Ölfusdals sem telst til Ölfussveitar er í landi Reykja og því eign ríkisins.

Ekki liggur ljóst fyrir hvernig nýstofnað orkufélag hyggst afla gufu til virkunar þarna. Mögulegar skáboranir undir Grændal eru þó trúlega í þeim áætlunum. Á því sviði mun Orkuveita Reykjavíkur hafa nokkra reynslu eftir fjölmargar slíkar boranir á Skarðsmýrafjalli til róta Hengils sem munu hafa mistekist að mestu.

Hugmyndin um nýtingu Grænsdals fyrir orkuver er ekki ný af nálinni. Um 1960 var ætlað að hefja virkjanir þar. Rudd var ökufer slóð, nú göngubraut, um skriður þrengsla og lagt af stað með nauðsynleg tæki og tól. Að sögn Ólafs heitins Steinssonar gerði þá mikla rigningu svo allt sat fast og jarðytur þurfti til að bjarga tækjunum til baka. Síðan gerðist



Uppdráttur af Reykjanesi frá Hengli vestur til hafs. Rammi 3 fylgiskjal.

það að árið 1999 var Sunnlensk orka stofnuð. 90% þess fyrirtækis var í eigu RARIK (Rafmagnsveitna ríkisins) en Hveragerðisbær átti 5%. Megintilgangur þess félags var að reisa orkuver í Grændal. Borun var ætluð skammt innan við Sælugil á suðurmörkum dalsins. Ætluð veglagning til borsvæðis var aldrei samþykkt svo ekkert varð af framkvæmdum og dalurinn nú verndaður samkvæmt Ramma 3.

Ef litið er til nálægðar Ölfusdals við þéttbýlið í Hveragerði og vaxandi notkun hans er ljóst að þar verður tæplega virkjað nema fyrir liggja samþykki bæjarstjórnar og íbúa Hveragerðis. Þegar ekið er inn dalinn er knattspyrnuvöllur fyrst á vinstri hönd og þá leifar íþróttahallarinnar sem þar var. Hluti golfvallarinnar í Gufudal er síðan til hægri milli vegarins og Varmár. Nokkru innar taka við ræktarlönd og hesthúsabyggð ásamt skeiðvelli. Handan ár er Menntaskólasetrið, nokkrir sumar-bústaðir og Reykjakotsbyggðin með lögheimili nokkurra íbúa. Í krikanum milli Hamars og Hellisheiðar er vatnsból Hveragerðis og þar er nú allmikil skógrækt. Vegurinn, sem hefur hesthúsasvæðið á hægri hönd, liggur síðan inn að þjónustumiðstöð og göngubrúnni á Hengladalaánni. Þar er nú viðkomustaður fjölda fólks sem er að hefja eða ljúka gönguför um Reykjadal eða Grændal.

Hvar ætlaðri verksmiðju er hugsaður staður er ekki ljóst en líklegast er að flatlendi við Grændalsá framan við þrengslin verði valið.

Gleiðgosalegar yfirlýsingar um hreinleika þeirrar orkustöðvar eru ekki trúlegar. Nýjar borholur koma þá líka oft við sögu og þeim fylgja hávaði og mengunargufur. Þær gastegundir eru margar andrúmsloftinu eðlisþyngri og myndu í lygnu veðri fylgja árrennslinu til þéttbýlisins. Auk íbúa Hveragerðis má geta þess að fjölmargir aldraðir dvelja á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Ási-Ásbyrgi. Þá má einnig muna fjölmarga dvalargesti á Heilsustofnun NLFÍ.

Atburðarrás síðustu daga og hröð tilurð nýs virkjunaraðila hefur komið nokkuð á óvart. Þjóðlegar sagnir um uppvakningu illra vera og niðurkvaðningu þeirra gætu komið þar til sögu. Er Sunnlensk orka e.t.v. hér upprisinn með nýtt nafn og nýja forsjármenn? Má vera að lausn þessa vanda sé sú að fá séra Eiríki frá Vogsum til að kveða óværu þessa niður. Leirhver á Ölkelduhálsi er hinn rétti vettvangur: Þar niðursettur gæti þessi vandræðagæmsi sallað hulinn leirnum um ár og aldir öllum að meinalausu. Andlegt samband gæti hann átt við svarkinn Guðrúnu sem um aldir hefur verið niðursetja í Gunnhver nærri Reykjanesvita.

Hveragerði 01. 12. 2023  
Björn Pálsson

# Lýðræði og upplýsingar

## Ræða forseta bæjarstjórnar 17. júní 2023



*Þjóðhátíðardegi Íslendinga var fagnað í Lystigarðinum Fosslöt með glæsilegri dagskrá. Ræða forseta bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar, Njarðar Sigurðssonar, fjallaði um samspil upplýsinga og lýðræðis og fer hér á eftir.*

### Ágætu Hvergerðingar, Ölfusingar og aðrir góðir gestir

Til hamingju með daginn og 79 ára afmæli lýðveldisins Íslands sem við fögnum í dag, sem er jafnframt 212 ára afmælisdagur þjóðfrelsihetju okkar Íslendinga, Jóns Sigurðssonar skjalavarðar og síðar forseta Kaupmannahafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags, en hann fæddist á Hrafnseyri í Arnarfirði árið 1811. Hrafnseyri á sérstakan stað í hjarta mínu, eins og Hveragerði, en báðir staðirnir tengjast minni fjölskyldusögu en faðir minn ólst upp á Hrafnseyri en hann var fæddur árið 1933. Hann var því 11 ára þegar lýðveldið var stofnað og fylgdist með hátíðarhöldum á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar þann 17. júní 1944. Faðir minn var fæddur í konungsríkinu Íslandi sem var til á árunum 1918-1944, þar sem Ísland var fullvalda ríki í konunglegu sambandi við Danmörku. Á margan hátt

markaði fullveldið árið 1918 meiri tímamót í frelsisbaráttu Íslendinga en stofnun lýðveldisins árið 1944. Hugtakið fullveldi þýðir í raun að hafa fullt vald yfir málum sínum og því varð Ísland í raun sjálfstætt ríki árið 1918 og þá var líka vörðuð leiðin til lýðveldis sem svo varð að veruleika árið 1944. Í langan tíma fögnuðu Íslendingar fullveldisdeginum 1. desember sem miklum hátíðisdegi, ég man eftir fríi í skólanum á þessum degi, sem var auðvitað kærkomið fannst manni á þeim aldri.

Með stofnun lýðveldisins þann 17. júní 1944 slitu Íslendingar endanlega stjórnarleg tengsl við Danmörku og settu danska konunginn til hliðar sem hafði verið þjóðhöfðingi Íslands og inn kom þjóðkjörinn forseti.

Hugtakið lýðræði lýsir stjórnarfari þar sem almenningur getur með kosningum haft úrslitavald í stjórnarfarsefnum og lýðræði felur líka í sér réttinn til að láta í ljós vilja sinn og hafa áhrif á öll samfélagsmálsefni. En til þess að lýðræðið virki eins og við viljum þurfa grunnstoðir samfélagsins að vera í lagi og það er margþætt verkefni. Þar til gerðar stofnanir þurfa að vera til staðar og stjórnsýslan þarf að fylgja lögum og reglum. Upplýsingar þurfa að

vera fyrirliggjandi í stjórnsýslunni svo að almenningur geti kynnt sér málin og stjórnvöld eiga að gera upplýsingar og gögn aðgengileg fyrir alla. Dæmi um slíkt í okkar sveitarfélagi er t.d. að senda beint út frá fundum bæjarstjórnar og hafa upptökur aðgengilegar á vef, birta fundargerðir og fundargögn svo að allir geti kynnt sér þau og kynna mál fyrir íbúum með fundum og spyrja íbúa um stefnumál með könnunum og kosningum. Allt þetta styrkir lýðræðið, eykur aðhald til kjörinna fulltrúa og dreifir valdi.

Upplýsingar eru líklega einn mikilvægasti þátturinn í lýðræðis-samfélagi, án þeirra getum við ekki tekið ákvarðanir, alla vega ekki góðar ákvarðanir. En við, bæði við sem erum kjörnir fulltrúar og þið sem veitið okkur vald til að vera fulltrúar ykkar með kosningum, þ.e. kjósendur og íbúar, berum líka mikla ábyrgð á hvernig við setjum upplýsingar fram og að við séum ekki að deila og halda á lofti upplýsingum sem eru rangar eða til þess gerðar til að afvegaleiða umræðu og stuðla þannig að upplýsingaóreiðu. Og nú á upplýsingatækniöld er aldrei eins mikilvægt að standa undir þessari ábyrgð. Bandaríski sagnfræðingurinn Timothy Snyder fjallar um þessa ábyrgð í bók sem



hann gaf út árið 2018 og langar mig að vitna í hans orð:

„Nú á öld internetsins erum við öll útgefendur og þá berum við öll einhverja persónulega ábyrgð á almennri tilfinningu fyrir sannleikanum. Ef okkur er alvara með að leita staðreynda getum við hvert og eitt hrundið af stað dálítilli byltingu í því hvernig internetið virkar. Sannreynirðu upplýsingar upp á eigin spýtur ferðu ekki að senda áfram tröllasögur til annarra. [...] Við sjáum ekki inn í sálarlífið sem við sköðum þegar við birtum tröllasögurnar en það tákna ekki að við séum engan að skaða. Ímyndaðu þér að þú akir bíl. Við sjáum kannski ekki hinn bílstjórnann en við vitum að við eigum ekki að keyra inn í bílinn hans. Við vitum að það veldur gagnkvæmu tjóni. Við verndum hina manneskjuna án þess að sjá hana, oft á hverjum degi. Á sama hátt berum við, þó við sjáum ekki hina manneskjuna fyrir framan tölvuna sína, okkar skerf af ábyrgðinni

á því sem hún kann að vera að lesa þar. Ef við getum forðast að beita ofbeldi á internetinu gagnvart sálarlífi annarra læra fleiri líka að gera hið sama. Og þá er hugsanlegt að netumferðin okkar hætti að líta út eins og allsherjar umferðarslys með tilheyrandi blóðbaði.“

Snyder bendir jafnframt á að ef við kjósum að feta braut staðreynda gefi internetið okkur öfundsvert afl til að bera þær fram. En við þurfum líka að tileinka okkur góða umgengi um þessa frábæru tækni.

Góður æskuvinnur minn og skólastjóri hér í bæ ítrekar á útskriftarhátíðum úr Grunnskólanum í Hveragerði á hverju ári að þau sem í skólanum starfi hafi eitt markmið, að allir verði góðar manneskjur – betri manneskjur. Þetta er dásamlegt

markmið og líka svo gott. Í markmiðinu felst m.a. að kenna nemendum gagnrýna hugsun, kenna þeim að leita staðreynda, meta gæði og gildi upplýsinga og nálgast allt án fordóma. Allt þetta styrkir lýðræðið og gerir samfélagið betra. Skólarnir eru því ein af þeim grunnstofnunum samfélagsins sem styrkja lýðræðið og fær það í raun til að virka.

Ágætu hátíðargestir. Til hamingju með daginn og til hamingju með lýðræðið sem er okkur svo mikilvægt. Og við, hvert og eitt okkar, skulum hlúa að lýðræðinu hvar sem við getum.

Takk fyrir.

## Hafðu samband við bæjarfulltrúa Okkar Hveragerðis

Sandra Sigurðardóttir, [sandra@hveragerdi.is](mailto:sandra@hveragerdi.is)  
Njörður Sigurðsson, [njordur.sigurdsson@hveragerdi.is](mailto:njordur.sigurdsson@hveragerdi.is)  
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, [dagny.sigurbjornsdottir@hveragerdi.is](mailto:dagny.sigurbjornsdottir@hveragerdi.is)

### Fylgstu með okkur á samfélagsmiðlum:

[facebook.com/okkarhveragerdi](https://facebook.com/okkarhveragerdi)  
[instagram.com/okkar\\_hveragerdi/](https://instagram.com/okkar_hveragerdi/)  
[www.xohveragerdi.is](http://www.xohveragerdi.is)

